

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna bs. til að taka gildi 1. mars 1998.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

I. Sölutaxtar.

I.a. Rafmagn.

B2 Afl- og orkumæling 2.I

Orkugjald. Vetur: 1. okt.-30. apríl var 4,15 kr/kWh verður 3,08 kr/kWh

Sértaxtar.

Þar bætist við:

H.7 Iðnaðartaxti: þurrkun í iðnaði.

Taxtinn er ætlaður stórnotendum á vatni til þurrkunar eða til beinna eða óbeinna nota í iðnaðarferlum. Lágmarksnotkun er 25.000 m³/ár en heimilt er að selja samkvæmt taxtanum þó svo að notkun í viðkomandi iðnaðarferli sé minni ef um sambærilega notkun er að ræða.

Heitt vatn um mæli kr/m³ 37,00

Fastagjald kr/ár 14.657,00

Iðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar nr. 9000-3220 við Krókatjörn í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag lóðar nr. 9000-3220 við Krókatjörn í Mosfellsbæ.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórinn í Mosfellsbæ, 18. febrúar 1998.

Jóhann Sigurjónsson.